

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
Stofnað 28. apríl 1945



Þinggerð
54. þings ÍBH

Haldið þriðjudaginn 27. maí 2025
á Ásvöllum



Dagskrá þingsins var samkvæmt 11. grein laga ÍBH.

Þingsetning

Hrafnkell Marinósson, formaður ÍBH býður gesti velkomna, flytur ávarp og setur þingið.

Steinn Jóhannsson kjörinn 1. þingforseti og Valdimar Svavarsson kjörinn 2. þingforseti.

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir kjörin 1. þingritari og Sveinn Heiðar Jóhannesson kjörinn 2. þingritari.

Karl Georg Klein, Þórhallur Guðmundsson og Alma Jónsdóttir kjörnir í kjörbréfanefnd.

Skýrsla stjórnar ÍBH 2023 og 2024

Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH flytur skýrslu stjórnar.

Ársreikningar ÍBH og Afrekssjóðs ÍBH 2023 og 2024.

Ragnar Hilmarsson gjaldkeri stjórnar ÍBH kynnir ársreikninga.

Ávörp gesta

Valdimar Víðisson bæjarstjórinn í Hafnarfirði, flytur ávarp.

Hann kom inn á það hversu fjölbreytt íþróttastarf færi fram í Hafnarfirði og væri stoltur að því að sitja í stól bæjarstjóra, rifjaði upp æskuárin í Bolungarvík, m.a. hvaða íþróttir hefðu verið í boði þar, prófaði hann þær allar og endaði svo í marki í fótbolta og var ánægður með það.

Þórey Edda Elísdóttir stjórnarmaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ, flytur ávarp.

Hún talaði um hversu öflugt íþróttastarf væri hér í Hafnarfirði, kom inn á uppbyggingu íþróttamannvirkja og að framtíðar uppbygging væri til algjörar fyrirmyndar. Ennfremur sagði hún að það ætti að vera eðlilegt að sem barn kæmir þú í íþróttamannvirki og ættir kost á að eiga viðveru þar fram á eldri ár.

Hallbera Eiríksdóttir stjórnarmaður UMFÍ, flytur ávarp.

Hún þakkaði fyrir að fá þann heiður á fá að koma upp og fá að segja nokkur orð á þessu þingi eins og þau sem á undan komu. Fór hún góðum orðum yfir alla þá frábæru starfsemi sem fer fram hér hjá öllum íþróttagreinum.

Formaður kjörbréfanefndar fer yfir kjörbréf

Karl Georg Klein fer yfir kjörbréf og mætingu þingfulltrúa.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar 7 – 7 mættir.

Knattspyrnufélagið Haukar 7 – 5 mættir.

Íþróttafélag Hafnarfjarðar 2 – 0 mættir.

Sundfélag Hafnarfjarðar 5 – 5 mættir.

Golfklúbburinn Keilir 7 – 6 mættir.

Fimleikafélagið Björk 7 – 6 mættir.
Hestamannafélagið Sörli 6 – 5 mættir.
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar 2 – 2 mættir.
Siglingaklúbburinn Þytur 4 – 0 mættir.
Íþróttafélagið Fjörður 2 – 2 mættir.
Badmintonfélag Hafnarfjarðar 4 – 4 mættir.
Golfklúbburinn Setberg 4 – 2 mættir.
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar 2 – 2 mættir.
Kvartmíluklúbburinn 6 – 4 mættir.
Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar 2 – 1 mættur, en skiluðu ekki inn kjörbréfi, hafa ekki kosningarétt.
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar 2 – 0 mættur.
Hjólreiðafélagið Bjartur 2 – 0 mættur.
Bogfímifélagið Hrói Höttur 2 – 2 mættir.
Brettafélag Hafnarfjarðar 3 – 3 mættir.
Blakfélag Hafnarfjarðar 2 – 0 mættir.
Bílaklúbbur Hafnarfjarðar 2 – 0 mættur.
Siglingafélagið Hafliði 2 – 2 mættir.
Sambo 80 2 – 2 mættir, en skiluð ekki inn kjörbréfi, hafa ekki kosningarétt.
76 þingfulltrúar voru skráðir á þingið, en 60 fulltrúar mættir og 57 með kosningarétt.

Umræða um og afgreiðsla ársreikninga og ársskýrslna

Þingforseti ber skýrsluna fram til samþykktar þingsins. Skýrslan samþykkt samhljóða. Þingskjal 1 samþykkt.

Þingforseti ber reikningana fram til samþykktar þingsins. Ársreikningar samþykktir samhljóða. Þingskjal 2 samþykkt.

Tillaga borin upp um fastanefndir og fastamenn í þeim

Þingforseti kynnir nefndir og staðsetningu þeirra. Fjárhagsnefnd, Allsherjarnefnd og íþróttanefnd.

Fastamenn í fjárhagsnefnd voru eftirtaldir: Ragnar Hilmarsson (formaður) (Siglingafélagið Hafliði), Halldór Jón Garðarson (Haukar), Sigurgeir Árni Ægisson (FH), Magnús Guðjón Lárusson (Björk) og Guðmundur Óskarsson (Keilir).

Fastamenn í allsherjarnefnd voru eftirtaldir: Hildur Vilhelmsdóttir (formaður) (Björk), Magnús Gunnarsson (Haukar), Viðar Halldórsson (FH), Arnór Snæbjörnsson (Sörli), Jóhann Óskar Borgþórsson (BFH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Anna Lilja Sigurðardóttir (BH) og Styrmir Guðmundsson (GSE).

Fastamenn í íþróttanefnd voru eftirtaldir: Fríða Kristín Jóhannesdóttir (formaður) (SH), Silja Úlfarsdóttir (FH), Andri Már Ólafsson (Haukar), Birgir Björn Magnússon (Keilir), Halldór Hjaltason (AÍH) og Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson (BH).



Kynning á tillögum og málum sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til nefnda.

Fyrir þinginu liggja 6 tillögur, þingforseti las upp tillögur og vísaði til nefnda, sjá lista.

Tillögur og mál sem á að leggja fyrir 54. þing ÍBH 2025

Þingskjal nr.	Tillaga	Flutningsaðili	Vísað til (nafn nefndar)
1.	Skýrsla stjórnar ÍBH 2023 - 2024	Stjórn ÍBH	
2.	Reikningar ÍBH og Afrekssjóðs ÍBH 2023 - 2024	Stjórn ÍBH	
3.	Ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda	Stjórn ÍBH	
4.	Ályktun um þakkir til stuðningsaðila	Stjórn ÍBH	
5.	Tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2025 - 2027	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
6.	Tillaga um rafíþróttir	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
7.	Tillaga um gervigreind, herma og íþróttir	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
8.	Tillaga um endurskoðun samninga	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
9.	Tillaga um Fyrirmyndarfélög ÍSÍ	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
10.	Tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2025 – 2033 lögð fram á 54. þingi ÍBH	Stjórn ÍBH / Allsherjarnefnd ÍBH	Allsherjarnefndar

Samþykkt var að tillögurnar færu til umfjöllunar í nefndir í samræmi við upptalningu og tillögu þingforseta.

Kynning Hafnarfjarðarbæjar á íþrótt- og tómstundaklasa í Hamranesi

Kristín Thoroddsen formaður fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar sá um kynninguna.

Nefndarstörf og matarhlé

Kynning á frambjóðendum til stjórnarkjörs

Allir frambjóðendur sem sátu þing ÍBH kynntu sig í stuttri kynningu, einn frambjóðandi Jón Ásbjörnsson frá ÍH var fjarverandi.

Kjör formanns ÍBH

Hrafnkell Marinósson var endurkjörinn formaður ÍBH, engin mótframboð bárust og var Hrafnkell kjörinn með lófataki þingfulltrúa.

**Kosning í stjórn ÍBH tímabilið 2025 – 2027**

Aðalbjörg Óladóttir varaformaður ÍBH sem var tilnefnd af Sundfélagi Hafnarfjarðar gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Níu fulltrúar gáfu kost á sér í átta sæti.

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn ÍBH 2025 – 2027:

Anna Lilja Sigurðardóttir Badmintonfélagi Hafnarfjarðar.

Arnfríður Kristín Arnardóttir Brettafélagi Hafnarfjarðar.

Fríða Kristín Jóhannesdóttir Sundfélagi Hafnarfjarðar.

Hildur Vilhelmsdóttir Fimleikafélaginu Björk.

Magnús Gunnarsson Knattspyrnufélaginu Haukum.

Már Sveinbjörnsson Golfklúbbnum Keili.

Ragnar Hilmarsson Siglingafélaginu Hafliða.

Viðar Halldórsson Fimleikafélagi Hafnarfjarðar.

Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðslur, tillögur samþykktar eins og þær koma fram hér á eftir.

Samþykktar tillögur á 54. þingi ÍBH

Formenn nefnda kynntu niðurstöður nefndarstarfa.

Fjárhagsnefnd:

Ragnar Hilmarsson formaður kynnti niðurstöður nefndarinnar.

Nefndin leggur til að þingskjal nr. 5, fjárhagsáætlun ÍBH 2025 – 2027 og þingskjal nr. 8 tillaga um endurskoðun samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði verði samþykktar óbreyttar og voru bæði skjölin samþykkt. Nefndin leggur einnig fram nýja tillögu sem verður þingskjal nr. 11 um stuðning við tillögu sem var samþykkt á síðasta þingi ÍSÍ um bætingu á starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar. Nefndin leggur til að hún verði samþykkt og var samþykkt að leggja hana fyrir þingið og var hún síðan samþykkt af þinginu.

*Þingskjal 5***Tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2025 - 2027**

54. þing ÍBH haldið 27. maí 2025 á Ásvöllum, samþykkir fjárhagsáætlun ÍBH 2025 – 2027.

Fjárhagsáætlun ÍBH 2025 - 2026 - 2027**Tekjur**

	2025	2026	2027	Samtals
1. Húsaleiga	1,173,318,312 kr	1,208,517,861 kr	1,244,773,397 kr	3,626,609,570 kr
2. Lottó	65,298,576 kr	67,910,519 kr	70,626,940 kr	203,836,035 kr
3. Styrkur til íþróttastarfs 18 ára og yngri				
3.1 Hafnarfjarðarbær	12,000,000 kr	13,000,000 kr	14,000,000 kr	39,000,000 kr
3.2 Rio Tinto	12,000,000 kr	13,000,000 kr	14,000,000 kr	39,000,000 kr
4. Aðrar tekjur				



Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
4.1 Útbreiðslustyrkur ÍSÍ				
4.2 Þjónustusamningur HF	14,093,000 kr	14,797,650 kr	15,537,533 kr	44,428,183 kr
4.3 Íslenskar getraunir	5,057,808 kr	5,462,433 kr	5,899,427 kr	16,419,668 kr
4.4 Ýmsir styrkir vegna sérverkefna	200,000 kr	300,000 kr	400,000 kr	900,000 kr
4.5 Útseldir tímar	3,098,556 kr	3,160,527 kr	3,223,738 kr	9,482,821 kr
4.6 Verkefnatekjur	750,000 kr	750,000 kr	750,000 kr	2,250,000 kr
4.7 Vaxtatekjur	2,400,000 kr	1,600,000 kr	1,200,000 kr	5,200,000 kr
Tekjur samtals	1,288,216,252 kr	1,328,498,990 kr	1,370,411,034 kr	3,987,126,276 kr

Fjárhagsáætlun ÍBH 2025 - 2026 - 2027

Gjöld

	2025	2026	2027	Samtals
1. Húsaleiga	1,173,318,312 kr	1,208,517,861 kr	1,244,773,397 kr	3,626,609,571 kr
2. Lottó	54,197,819 kr	56,365,731 kr	58,620,360 kr	169,183,910 kr
3. Styrkur til íþróttastarfs 18 ára og yngri				
3.1 Hafnarfjarðarbær	12,000,000 kr	13,000,000 kr	14,000,000 kr	39,000,000 kr
3.2 Rio Tinto	12,000,000 kr	13,000,000 kr	14,000,000 kr	39,000,000 kr
4. Önnur gjöld				
4.1 Afrekssjóður ÍBH	2,400,000 kr	2,600,000 kr	2,800,000 kr	7,800,000 kr
4.2 Afmælisgjafir	2,000,000 kr	0 kr	0 kr	2,000,000 kr
4.3 Skrifstofukostnaður	2,520,000 kr	1,800,000 kr	1,900,000 kr	6,220,000 kr
4.4 Laun, launatengd gjöld og akstur	20,047,450 kr	21,119,823 kr	22,239,814 kr	63,407,087 kr
4.5 Skrifstofuáhöld	80,000 kr	90,000 kr	100,000 kr	270,000 kr
4.6 Fundir og ráðstefnur	800,000 kr	2,600,000 kr	900,000 kr	4,300,000 kr
4.7 Þing ÍBH	1,200,000 kr	0 kr	1,400,000 kr	2,600,000 kr
4.8 Aðk. Akstur, sími o.fl. aðkeypt vinna	4,113,760 kr	4,327,173 kr	4,413,716 kr	12,854,649 kr
4.9 Endurskoðun bókhalds	1,134,302 kr	1,225,046 kr	1,323,050 kr	3,682,398 kr
4.10 Sérverkefni	200,000 kr	300,000 kr	400,000 kr	900,000 kr
4.11 Ófyrirséð	320,000 kr	340,000 kr	360,000 kr	1,020,000 kr
Gjöld samtals	1,286,331,643 kr	1,325,285,635 kr	1,367,230,337 kr	3,978,847,615 kr

8,278,661 kr

Þingskjal 8

Tillaga um endurskoðun samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði

54. þing ÍBH haldið 27. maí 2025 á Ásvöllum, samþykkir að hvetja Hafnarfjarðarbæ til að endurskoða samninga við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði.

Greinargerð:

Þegar síðasta heildarendurskoðun samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði var gerð árið 2016, var byrjað með lægri upphæðir inn í samningunum en í svipuðum íþróttafélögum í nágrannasveitarfélögunum, vegna fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, en þó með því lofordi að reynt yrði að leiðrétta samningana á næstu árum. Samningarnir hafa hækkað samkvæmt vísitöluhækkunum sem fjárhagsáætlun bæjarfélagsins hefur unnið með fyrir hvert ár. Einnig hafa rekstrarsamningar hækkað þegar ný mannvirki hafa verið tekin í notkun. Raunin er sú að samningarnir hafa ekki verið leiðréttir og stuðningurinn er ennþá of lítill við innra starf félaganna og verkefnunum fjölga með hverju ári sem líður. Ennfremur taka samningarnir ekki tillit til þess að stærri íþróttafélögin þurfa að ráða starfsfólk til að reka íþróttastarfið eða stórra deildarskiptra félaga sem eru m.a. með mikið utanumhald og öfluga starfsemi fyrir allan aldur. Þetta þarf að laga strax.

*Þingskjal 11***Tillaga um stuðning við tillögu sem var samþykkt á síðasta þingi ÍSÍ um bætingu á starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar.**

54. þing ÍBH haldið 27. maí 2025 á Ásvöllum, samþykkir stuðning við tillögu um starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar verði bætt sem var samþykkt á ársþingi ÍSÍ.

Greinargerð:

77. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél, skorar á ríkisstjórn Íslands að hefja þegar í stað formlegt samtal við íþróttahreyfinguna á Íslandi um starfsumhverfi hennar, þar á meðal fjármálaumhverfi, lagalega umgjörð og skipulag skattamála, með það að markmiði að tryggja sjálfbært og sanngjarnt rekstrarumhverfi fyrir starfsemi íþróttafélaga.

Viðræðurnar við stjórnvöld skulu taka sérstaklega mið af eftirfarandi lykilatriðum:

1. Afnáam tryggingagjalds af launum starfsmanna íþróttafélaga.
2. Heimild til verktöku ef viðkomandi fær minna en 50% af tekjum sínum frá íþróttafélagi.
3. Möguleiki fyrir námsfólk til að starfa í verktökuformi, óski það þess.
4. Tryggja að sjálfbóðaliðar geti tekið þátt í starfsemi félaga án þess að verða persónulega ábyrgir fyrir rekstri, skuldbindingum og alvarlegum atvikum eða bera persónulegan skaða þar af.

Jafnframt samþykkir Íþróttaping að fela stjórn ÍSÍ að setja á stofn starfshóp sem greini núverandi rekstrarumhverfi íþróttafélaga, með áherslu á:

- fyrirkomulag skattamála og ráðningarsamband vegna mismunandi starfa,
- ábyrgð og hlutverk sjálfbóðaliða,
- að greina stöðu félaganna í ljósi aukinnar fagmennsku og fjölbættrar samfélagslegrar ábyrgðar.

Markmið tillögunnar er að styðja við öflugt og fjölbreytt starf íþróttafélaga um land allt, þar sem þátttaka, sjálfbóðaliðastarf og faglegt starf getur dafnað án óhóflegra rekstrarlegra hindrana.

Allsherjarnefnd:

Hildur Vilhelmsdóttir formaður nefndarinnar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og niðurstöðum. Nefndin fékk þingskjal nr. 10 til umfjöllunar.

Nefndin leggur til að þingskjal nr. 10 verði samþykkt með breytingu, sem er eftirfarandi, lagt er til að byggt verði framtíðarhúsnæði fyrir Sambo 80 2036 og fer í sæti nr.18 á listanum um framkvæmdaröðina og hljóðar svo: 18. 2036 Lagt er til að byggt verði framtíðarhúsnæði fyrir Sambo 80. Breytingartillagan samþykkt, tillagan í heild með breytingartillögunni samþykkt. Nefndin leggur til að ný ályktun verði lögð fyrir þingið og verður hún þingskjal nr. 12. Samþykkt að leggja ályktunina fyrir þingið og ályktunin samþykkt.

*Þingskjal 10***Tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2025 – 2036 lögð fram á 54. þingi ÍBH.**

Lagt er til að verkefni sem nú þegar eru hafinn og hefur verið samið um við Hafnarfjarðarbæ verði **lokið í samræmi við áætlun** þ.e. bygging nýrrar reiðhallar með félagsaðstöðu og annarri tilheyrandi aðstöðu hjá Hestamannafélaginu Sörla að Sörlastöðum og bygging knattúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum ásamt búningaþstöðu og frágangi á bílastæðum.

Lagt er til að gengið verði til samninga um ný verkefni:

1. Ítrekað er að strax verði farið í vinnu við að leita að hentugu húsnæði fyrir DÍH til kaups eða leigu. Þarfragreining liggur fyrir.
2. 2025-2026 Lagt er til að Brettafélaginu sé úthlutað öllu húsnæðinu að Selhelli 7, enda uppfyllir það að fullu núverandi þarfir félagsins. Gangi þetta ekki eftir þarf að finna aðrar lausnir til að fullnægja þörfum félagsins.
3. 2025-2030 lagður nýr 27 holu golfvöllur fyrir Golfklúbbinn Setberg í samstarfi við Golfklúbbinn Keili og önnur íþróttafélög í Hafnarfirði. Áfram verði unnið að hönnun og öðrum nauðsynlegum undirbúningi.
4. 2025-2030 bygging á nýju íþróttahúsi fyrir Fimleikafélagið Björk. Gert er ráð fyrir að hönnun og annar undirbúningur fari fram á árinu 2025.
5. 2025-2026 breytingar og viðbygging við golfskála Golfklúbbsins Keilis.

Ályktun vegna liða 1 – 5: 54. þing ÍBH vill leggja áherslu á liði 1 – 5 í þessu skjali og skorar á bæjaryfirvöld að leysa strax úr bráðum vanda hlutaðeigandi félaga. Aðstöðuleysi og útlit fyrir missi aðstöðu eru að setja grundvöll félaganna í uppám og gæti leitt til þess að félögin þurfi að hætta starfsemi.

6. 2026-2030 ný akstursbraut og tilheyrandi mannvirki fyrir Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar.
7. 2026 malbikun á pittsvæði og uppákeyrslu á kvartmílubraut Kvartmíluklúbbsins.
8. 2027-2030 bygging á nýju íþróttahúsi fyrir badminton og borðtennis fyrir Badmintonfélag Hafnarfjarðar.
9. 2027-2030 bygging á dýfingarlaug við Ásvallalaug fyrir Sundfélag

- Hafnarfjarðar.
10. 2031-2032 bygging á áhorfendastúku við knattspyrnuvöll Hauka að Ásvöllum ásamt forsal og aðstöðu fyrir karate.
 11. 2031-2032 byggja nýtt hús sem samanstendur af tækjageymslu, kennsluáðstöðu fyrir unglingastarf og félagsaðstöðu Kvartmíluklúbbsins.
 12. 2031 tveir innanhúss tennisvellir fyrir Tennisfélag Hafnarfjarðar.
 13. 2032 Siglingafélagið Hafliði óskar eftir aðstöðu fyrir siglingar og að fá viðræður við Hafnarfjarðarbæ um nánari útfærslu.
 14. 2033 Bogfímifélagið Hrói Höttur óskar eftir svæði fyrir bogfimi utandýra fyrir markbogfimi og víðavangsbogfimi, samkvæmt reglum WA. Auk þess er óskað eftir húsnæði sem hægt er að nýta allt árið um kring fyrir bogfimi, með getu til að skjóta minnst 50m vegalengd.
 15. 2034 Lagt er til að byggð verði ný skautahöll fyrir Skautaíþróttafélag Hafnarfjarðar.
 16. 2034 Lagt er til að byggja nýjan körfuknattleikssal við Ásvelli hjá Knattspyrnufélaginu Haukum.
 17. 2035 Nýtt íþróttahús fyrir starfsemi Siglingaklúbbsins Þyts við Strandgötu 88.
 18. 2036 Lagt er til að byggt verði framtíðarhúsnæði fyrir Sambo 80.

Annað:

Íþróttahreyfingin í Hafnarfirði leggur áherslu á að þegar byggð verði ný íþróttamannvirki við skóla verði leitast við að samnýta þau mannvirki með íþróttafélögunum.

*Þingskjal 12***Ályktun**

Nefndarfulltrúar og aðrir þingfulltrúar sem sátu fund allsherjarnefndar fagna umræðu og starfshópi vegna fyrirhugaðrar byggingar íþrótt- og tómstundaklasa á Hamranesi sem Hafnarfjarðarbær kynnti á þingi. Aðilar vilja beina því til starfshópsins og bæjarins að ÍBH hafi fulltrúa eða aðild að þeim starfshóp og vísar þingið útfærslu þess til stjórnar ÍBH. Ljóst er að þarfagreining og samlegðaráhrif íþróttagreina þarf að ígrunda vel áður en lengra er haldið ásamt aðgengismálum sem skipta gríðarlegu máli.

Íþróttanefnd:

Fríða Kristín Jóhannesdóttir formaður gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og niðurstöðum. Nefndin fékk til umfjöllunar þingskjal nr. 6 tillaga um rafiþróttir, þingskjal nr. 7 tillaga um gervigreind, herma og íþróttir og þingskjal nr. 9 tillaga um Fyrirmyndarfélög ÍSÍ. Nefndin leggur til breytingu á þingskjali nr. 7 sem er eftirfarandi, viðbætur við greinargerð tillögunnar, ná þarf betur utan um gervigreind innan íþróttahreyfingarinnar og skerpa á hlutverki hennar ásamt því að stuðla að samráðsvettvangi við íþróttafélögin og aðkomu þeirra að mótunarhluta þar sem þau eru mörg hver byrjuð að nota gervigreind, hver í sínu horni. Þá er þörf á leiðbeiningum hvernig gervigreind getur nýst og hvað ber að varast t.d. hvað varðar persónuvernd ofl., tillagan samþykkt með breytingum. Nefndin leggur til að þingskjal nr. 6 og þingskjal nr. 9 verði samþykkt án breytinga, bæði þingskjöl samþykkt.

*Dingskjal 7***Tillaga um gervigreind, herma og íþróttir**

54. þing ÍBH haldið 27. maí 2025 á Ásvöllum, samþykkir að fela stjórn ÍBH að stofna nefnd til að vera með fræðslu um notkun gervigreindar, herma o.fl. varðandi íþróttastarfið.

Greinargerð:

Íþróttamannanefnd ÍSÍ hefur m.a. haldið fyrirlestur um það hvernig gervigreind getur nýst afreksíþróttafólki í íþróttum. Þróun á gervigreindinni er mjög ör um þessar mundir og er ljóst að hún kemur til með að nýtast alltaf meira og meira við þjálfun. Fjöl margar íþróttagreinar nota herma, sérstök forrit og tölvutækni í þeim tilgangi að bæta getu í íþróttum, s.s. akstursíþróttir, golf, skotiþróttir, knattgreinar, spaðagreinar, o.fl.

Ná þarf betur utan um gervigreind innan íþróttahreyfingarinnar og skerpa á hlutverki hennar ásamt því að stuðla að samráðsvettvangi við íþróttafélögin og aðkomu þeirra að mótunarhluta þar sem þau eru mörg hver byrjuð að nota gervigreind, hver í sínu horni. Þá er þörf á leiðbeiningum hvernig gervigreind getur nýst og hvað ber að varast t.d. hvað varðar persónuvernd o.fl.

*Dingskjal 6***Tillaga um að gera samantekt á rekstrarumhverfi og skráningu rafíþróttar**

54. þing ÍBH haldið 27. maí 2025 á Ásvöllum, samþykkir að fela stjórn ÍBH að stofna nefnd til að fara yfir rekstrarumhverfi og skráningu rafíþróttar í íþróttahreyfingunni.

Greinargerð:

Mörg íþróttafélög á Íslandi bjóða upp á rafíþróttir undir merkjum sinna félaga og skrá iðkendur þeirra undir íþróttir fyrir alla (ÍFA) í Abler skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ. Félögin / deildirnar eru undir Rafíþróttasambandi Íslands (RÍSÍ), sem var stofnað árið 2018 og er samband rafíþróttafélaga á Íslandi. Rafíþróttasamband Íslands (RÍSÍ) er ekki undir ÍSÍ eða UMFÍ. RÍSÍ er aðili að Rafíþróttasambandi Norðurlandanna (NEF), Rafíþróttasambandi Evrópu (EEF) og Alþjóðlega Rafíþróttasambandinu (IESF). RÍSÍ gætir hagsmuna aðildarfélaga sambandsins og vinnur að eflingu og skipulagningu á rafíþróttastarfi á Íslandi. Sambandið heldur úti mótariðum og fjölda viðburða í öllum helstu rafíþróttunum á Íslandi.

*Dingskjal 9***Tillaga um að hvetja sem flest aðildarfélög ÍBH til að gerast Fyrirmyndarfélög ÍSÍ**

54. þing ÍBH haldið 27. maí 2025 á Ásvöllum, samþykkir að hvetja sem flest aðildarfélög ÍBH til að gerast Fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur ÍSÍ og ÍBH hvatt aðildarfélög ÍBH og deildir þeirra til að gerast Fyrirmyndarfélög ÍSÍ / Fyrirmyndardeildir ÍSÍ. Fyrirmyndarfélags ÍSÍ viðurkenningin er gæðaviðurkenning sem þarf að endurnýja á fjögurra ára fresti. Gæðaviðurkenningin felst m.a. í því að félög / deildir uppfæra skipurit, reglur og stefnur sem þau starfa eftir. ÍBH býður aðildarfélögum upp á hvatagreiðslur sem hafa áunnið sér gæðaviðurkenninguna.

Þingforsetar báru þingskjal nr. 3 ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda og þingskjal nr. 4 ályktun um þakkir til stuðningsaðila upp við þingið og voru þær samþykktar samhljóða.

*Þingskjal 3***Ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði**

54. þing ÍBH haldið 27. maí 2025 á Ásvöllum, þakkar bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði velvild og stuðninginn við íþróttastarf aðildarfélaga ÍBH. ÍBH hvetur bæjaryfirvöld til þess að halda stuðningi sínum áfram svo íþróttastarfið verði áfram öflugt og til fyrirmyndar fyrir bæði íþróttahreyfinguna og bæjarfélagið.

*Þingskjal 4***Ályktun um þakkir til stuðningsaðila íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði**

54. þing ÍBH haldið 27. maí 2025 á Ásvöllum, þakkar stuðningsaðilum íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði fyrir gott samstarf og mikilvægan stuðning við hina ýmsu þætti íþróttastarfsins. Þingið hvetur fleiri stuðningsaðila til þess að leggja starfi íþróttafélaganna og ÍBH lið.

Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara

Ingimar Haraldsson aðalmaður og Guðborg Halldórsdóttir til vara.

Kristinn Guðlaugsson aðalmaður og Helgi Freyr Kristinsson til vara.

Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing

Þingið fór fram 16. – 17. maí sl. og því ekki þörf á að kjósa fulltrúa.

Önnur mál

Valdimar Svavarsson annar þingforseti, talar um gróskuna í íþróttahreyfingunni og mikilvægi sjálfbóðaliða aðildarfélaganna.

Silja Úlfarsdóttir fulltrúi FH, ræðir um hvort ÍBH geti gefið út sjálfbóðaliðaviðurkenningu sem aðilar geti sett í ferilskrár sínar ásamt fleiru.

Jóhann Borgþórsson fulltrúi Brettafélags Hafnarfjarðar, kemur inn á sérstöðu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Nefnir sem dæmi eigin reynslu af búsetu sinni í Asíu þar sem engin íþróttahreyfing er til staðar.



Guðmundur Óskarsson fulltrúi Golfklúbbsins Keilis, ræddi um mikilvægi þess að Hafnarfjarðarbær sjái til að systurfélag (Golfklúbburinn Setberg) Keilis haldi sinni aðstöðu og að það verði afgreitt fljótt og vel.

Heiðursviðurkenningar ÍBH veittar

Samþykktar heiðranir voru veittar á 54. þingi ÍBH 27. maí 2025. Hrafnkell Marinósson og Arnfríður Kristín Arnardóttir veittu aðilum innan aðildarfélaga ÍBH heiðursmerki ÍBH.

Eftirtaldir aðilar hlutu gullmerki ÍBH, Kristinn Arason Fimleikafélagið Björk, Sveinn Speight Fimleikafélagið Björk, Sjöfn Jónsdóttir Fimleikafélagið Björk, Karólína Valtýsdóttir Fimleikafélagið Björk og Silja Úlfarsdóttir Fimleikafélag Hafnarfjarðar.

Eftirtaldir aðilar hlutu silfurmerki ÍBH, Kristín Garðarsdóttir Sundfélagi Hafnarfjarðar, Aðalbjörg Óladóttir Sundfélagi Hafnarfjarðar, Guðmundur Stefán Björnsson Sundfélagi Hafnarfjarðar, Fríða Kristín Jóhannesdóttir Sundfélagi Hafnarfjarðar, Kristinn Magnússon Sundfélagi Hafnarfjarðar, Andrea Helga Sigurðardóttir Sundfélagi Hafnarfjarðar, Einar Þór Sigurjónsson Sundfélagi Hafnarfjarðar, Björn Sigurðsson Sundfélagi Hafnarfjarðar, Ingimundur Jónasson Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Elva Björk Sveinsdóttir Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Ásta Karen Sveinsdóttir Hestamannafélagið Sörli, Anna Björk Ólafsdóttir Hestamannafélagið Sörli, Snorri Dahl Hestamannafélagið Sörli, Helgi Jón Harðarson Hestamannafélagið Sörli, Darri Gunnarsson Hestamannafélagið Sörli, Arnar Eldon Geirsson Hjólreiðafélagið Bjartur, Kristinn Samsonarson Hjólreiðafélagið Bjartur, Ólafur Baldursson Hjólreiðafélagið Bjartur, Árni Magnússon Hjólreiðafélagið Bjartur, Róbert Pétursson Hjólreiðafélagið Bjartur, Gunnar Stefánsson Hjólreiðafélagið Bjartur, Gnýr Guðmundsson Hjólreiðafélagið Bjartur, Ólafur Aron Haraldsson Hjólreiðafélagið Bjartur, Andrés Andrésson Hjólreiðafélagið Bjartur, Guðrún St. Svavarsdóttir Hjólreiðafélagið Bjartur, Jóhann Thorarensen Hjólreiðafélagið Bjartur og Halldór Halldórsson Hjólreiðafélagið Bjartur.

Eftirtalinn aðili hlaut þjónustumerki ÍBH, Geirprúður Guttormsdóttir Fimleikafélagið Björk.

Þingslit

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH þakkar starfsmönnum þingsins kærlega fyrir þeirra mikilvægu störf, einnig þakkaði hann öllum öðrum í íþróttahreyfingunni í Hafnarfirði og sjálboðaliðum þeirra fyrir frábær störf.

Formaður slítur 54. þingi ÍBH.

Eftir þingið var móttaka á Ásvöllum fyrir þingfulltrúa og gesti í boði Hafnarfjarðarbæjar.

Rio Tinto

*Stuðningsaðili barna- og unglingastarfs
aðildarfélaga ÍBH*